



fjármálin

Mörg stéttarfélag styðja félagsmenn sína myndarlega þegar kemur að óvæntum fjárútlátum. » 19



vinnufélagar

Sænska blaðið Metro hefur útbúið lista yfir tíu típur sem eiga það sameiginlegt að vera martröð yfirmannsins. » 21

Kolféll fyrir íslenska fjárhundinum

Nokkrir tugir íslenskra fjárhunda komu með eigendum sínum á 10 ára afmælishátíð Icelandic Sheepdog Association of America 25. ágúst sl. í Maryland. Fríða Björnsdóttir spurði Elisabet Stacy-Hurley um vaxandi áhuga á íslenska fjárhundinum vestra, en hátíðin var haldin á landareign hennar. Elisabet er fædd á Íslandi.

Ég er fædd í Reykjavík. Móðir mín, Unnur Loftsdóttir, var úr Búðardal og faðir minn, Charles Dasher var frá Moorefield í Vestur-Virginíu. Hann var í flugher Bandaríkjanna á Íslandi í síðari heimsstyrjöldinni. Þegar ég var tveggja og hálfis árs fluttust foreldrar mínir með mig til Bandaríkjanna. Ég bý með manni mínum, Robert Hurley, og átta íslenskum fjárhundum í Maryland, skammt frá Boonsboro, en innan skamms flytjum við í nágrenni Hagerstown, sem er ekki langt héðan," segir Elisabet.

Gríma kom fyrst

„Hanna, frænka mín, (Jóhanna Harðardóttir blaðamaður og hund-eigandi) gaf mér Grímu, fyrsta íslenska fjárhundinn minn, árið 1994 og ég kolféll fyrir íslenska fjárhundinum. Tveimur árum síðar kom ég til Íslands og fékk þá rakkann, Virkis Týra og Tvö got hafa komið frá Grímu og Týra. Ég hélt eftir einni tók úr fyrsta gotinu þeirra og svo endaði með að ég hélt eftir einum hvölp úr flestum gotum sem ég hef fengið síðan. Nú á ég átta íslenska fjárhunda. Þú skilur því áreiðanlega hvað ég á við þegar ég segist hafa kolfallið fyrir þessu frábæra hundakyni. Reyndar er svo komið að ég verð að hætta að halda eftir hvölpum. Eiginmaðurinn krefst þess!“

Greindur og ljúfur

Elisabet segist hafa átt hunda af ýmsum tegundum í gegnum tíðina en hún hafi aldrei rekist á jafnalhlíða kyn og íslenska hundinn. Hann sé greindur og einstaklega ljúfur. „Íslensku fjárhundarnir virðast laðast meira að fólki en nokkur önnur tegund sem ég hef kynnst og þeir eru alltaf jafn vingjarnlegir og góðir. Ég á reyndar fleiri gæludýr, ketti og páfagauk, og hundunum þykir jafnvænt um þá og allt annað.“

Fólk í Bandaríkjunum er farið að gera sér grein fyrir því hversu góðir og vingjarnlegir hundarnir eru og þess vegna er byrjað að nota þá í lækningaskyni til dæmis á öldruumarheimilum, sjúkrahúsum og fyrir einhverf börn. Enn hafa aðeins fáir íslenskir fjárhundar tekið þátt í

keppni fjárhunda en ég vona að bændur eigi eftir að gefa þeim tækifæri til að sýna hvað í þeim býr enda eru þessir hundar ekki ánægðir nema þeir geti haft eitthvað fyrir stafni. Margir hafa komist að raun um að íslenski fjárhundurinn stendur sig vel í hundafimi og ég er viss um að hann á eftir að sanna sig í hundafimikeppninni sem fer bráðlega fram í Kaliforníu en þangað koma hundar hvaðan æva að úr Bandaríkjunum.“

Afmælishátíðir víða

Tíu ára afmælis Íslenska fjárhundafélagsins í Bandaríkjunum hefur verið minnst á ýmsum stöðum í Bandaríkjunum. Ríðið var á vaðið með afmælishátíð í Vermont, næsta hátíð var í Washington-ríki en þriðja og stærsta hátíðin var haldin í Maryland og þangað komu flestir hundar. Hátíðin var haldin á landareign Elisabet og Roberts og um hana segir hún:

„Ég held að 31 hundur hafi tekið þátt í hátíðinni eða öllu heldur sýningunni sem þarna fór fram en hins vegar voru miklu fleiri hundar viðstaddir og trúlega hafa tvífættu gestirnir verið milli 75 og 100 talsins. Hér hefur verið stofnuð deild AISC (Atlantshaf Icelandic Sheepdog Chapter). Deild er á vesturströndinni, ein í miðríkjunum og loks er sú fjórða í Kanada.“

Hundar og menn sem komu til hátíðahaldanna í Maryland voru aðallega frá austurströndinni. Þó kom gestur alla leið frá Kansas með tók og hvölp sem hann seldi á hátíðinni. Konan sem heldur skrá um titlana sem hundarnir ávinna sér lét sig ekki muna um að koma alla leið frá Washington-ríki, nokkrir komu frá Ohio, aðrir frá Norður-Karólínu og frá norðanverðu Pennsylvaníuríki. Allt voru þetta sannir aðdáendur íslenska fjárhundsins að sögn Elisabetar.

Áhugi fólks á íslenska fjárhundinum fer vaxandi í Bandaríkjunum. Elisabet segir fólki þó að þetta sé ekki hundur sem henti öllum en mælir með tegundinni fyrir fólk sem hreyfir sig mikið og getur leyft hundunum að hreyfa sig nægilega mikið heima við. „Það þýðir ekki að vera með íslenska fjárhundinn í búi í lítilli íbúð inni í borg. Hann hefur svo gam-



Heill hópur Elisabet og Robert með hundana heima í stofu.



Afmælisýningin Dómarinn virðir fyrir sér hóp íslenskra hunda á 10 ára afmælisýningu í Maryland.



Sú fyrsta Elisabet með Grímu, fyrsta íslenska fjárhundinn sem hún fékk.

an af að hlaupa og hreyfa sig og þarf mikið pláss. Hundurinn hefur líka gaman af að láta heyra í sér, en það myndi ekki henta nágrönnum í borg.

Spurð um verð hundanna í Bandaríkjunum segir hún að sér finnst íslensku fjárhundarnir ódýrir, ekki síst vegna þess hversu sjaldgæfir þeir

séu. Þeir kosta frá 700 upp í 1.500 dollara (frá 50 upp í um 100 þúsund krónur miðað við gengið um þessar mundir). Verðið fer að sjálfsögðu eftir því hversu góður hundurinn er og frá hvaða ræktanda hann kemur. Þetta er svipað verð og greitt er fyrir aðrar vinsælar en þó alls ekki sjaldgæfar tegundir. Við þetta má bæta að félögum í klúbbi íslenska fjárhundsins er gert skylt að láta taka mjaðmamyndir af þeim til að kanna hvort þeir séu með mjaðmalos og einnig er skylt að láta þá fara í augnskoðun áður en þeir eru auglýstir á heimasíðu klúbbsins. „Við viljum reyna að tryggja að tegundin verði heilbrigð og að hér séu ekki ræktaðir hundar með erfðagalla.“

Elisabet reiknar með að skráðum íslenskum fjárhundum sem taka þátt í sýningum muni fjölga ári frá ári vestra. „Klúbburinn okkar stækkar líka stöðugt og mun áreiðanlega halda áfram að vaxa þegar fólk kynnist þessum hundum betur. Ég hef því miður ekki fengið tækifæri til að fara á hundasýningu á Íslandi en séð myndir frá sýningunum og einnig sýningum annars staðar í Evrópu. Mér sýnist hundarnir vera svolítið mismunandi eftir löndum. Ég held að hundarnir sem hafa verið ræktaðir í Bandaríkjunum séu mjög góðir og þess vegna séu Evrópubúar farnir að flytja inn hvölp hédan en auðvitað hafa margir ræktendur hér fengið hunda bæði frá Íslandi og annars staðar frá, sem er gott fyrir ræktunina.“